

Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður  
Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur  
Reykhólahreppur, Strandabyggð  
Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur,  
Vesturbyggð

Ísafirði 17. apríl 2019

## Boð á 64. Fjórðungshings Vestfirðinga, haldið á Þingeyri 10. maí 2019

Með vísan til samþykktar stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga þann 8. apríl 2019 er boðað til 64. Fjórðungshings Vestfirðinga. Þingið er að þessu sinni haldið í Félagsheimilinu á Þingeyri þann 10. maí n.k. og hefst kl. 10:15 með morgunmat og kynningu á Blábankanum á Þingeyri og Lýðháskólanum á Flateyri.

Dagskrá þingsins verður samkvæmt samþykktum Fjórðungssambandsins.

1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðanda FV og rekstrareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og ákvörðun um árstíllag.<sup>1</sup>
4. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns, nema á kosningarári til sveitarstjórna, en þá er kosningu frestað til haustþings.<sup>2</sup>
5. Kosning í fastanefndir, nema á kosningarári til sveitarstjórna, en þá er kosningu frestað til haustþings.<sup>3</sup>
6. Laun og þóknun til stjórna og nefnda.
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis.
8. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis. ( 4. og 5. október – Strandir-fastsetja staðsetningu)
9. Önnur mál löglega fram borin. Þingið gerir tillögu um að þingsköpum og samþykktum FV verði endurskoðaðar af starfsháttanefnd og nefndin skili tillögum til haustþings 2019.

Áætluð þingslit eru kl 12.00

---

<sup>1</sup> Tillaga um frestun ákvörðunar árstíllags til haustþings 2019.

<sup>2</sup> Liður fellur niður þar sem s.m.k. 5. gr. samþykktar er kjörtímabil stjórnar tvö ár. Síðast var kosið árið 2018.

<sup>3</sup> Liður fellur niður í samræmi við 5 gr. samþykktar er kjörtímabil stjórnar tvö ár og á hið sama við um fastanefndir, síðast var kosið árið 2018

Vakin er athygli á að þennan sama dag 10. maí, verður haldinn ársfundur Náttúrustofu Vestfjarða frá kl. 12:40, ársfundur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, frá kl. 13:40 og ársfundur Vestfjarðastofu frá kl. 15.00 á sama stað..

Áskilin er réttur til að breyta dagskrá þingsins allt að 10 dögum fyrir þingið, slík dagskrábreyting verður kynnt sérstaklega, auk þess sem hún verður sett inn á vef Vestfjarðastofu, en þar verður einnig hægt að finna ársreikning fyrir árið 2018 og aðrar upplýsingar er varða þingið

Hægt er að skrá sig á fundinn á slóðinni

<https://www.vestfirdir.is/is/moya/formbuilder/index/index/skraning-a-adalfundadag>

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar hjá Vestfjarðstofu